

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 525/2013 um tímasetningu, stjórnun og aðra þætti í tengslum við uppboð á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda.

#### 1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

- ix. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/7 frá 30. október 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1031/2010 að því er varðar uppboð á 50 milljónum óúthlutaðra losunarheimilda úr markaðsstöðugleikavarasjóðnum fyrir nýsköpunarsjóðinn og um að skrá uppboðsvettvang sem Þýskaland tilnefnir sem vísað er til í tölulið 21ala, XX. viðauka eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 245/2019 sem birtist í EES-viðbæti, nr. 82 frá 10. október 2019, bls. 180–184.

#### 2. gr.

##### *Innleiðing.*

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/7 frá 30. október 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1031/2010 að því er varðar uppboð á 50 milljónum óúthlutaðra losunarheimilda úr markaðsstöðugleikavarasjóðnum fyrir nýsköpunarsjóðinn og um að skrá uppboðsvettvang sem Þýskaland tilnefnir sem vísað er til í tölulið 21ala, XX. viðauka eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 245/2019.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 28. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál, með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 18. nóvember 2019.*

F. h. r.

**Sigurður H. Helgason.**

*Kjartan Dige Baldursson.*